

Grunnskólinn á Ísafirði Endurbætur á austurálmum

Kennslustofur og þak

Verklýsing

Maí 2019.

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.
Aðalstræti 26, Ísafirði.

Efnisyfirlit

VERKLÝSING.	5
00.05.02.01 Aðstaða og rekstur vinnusvæðis	5
00.06.16.01 Vinnupallar vegna þakvinnu, þakkants og glugga.	6
2. BURÐARVIRKI	6
02.07.00.00 ÞAK.	6
02.07.02.03 Kjöljárn úr aluzink, negldur.	6
02.07.02.11 Skotrenna úr aluzink, negld.	7
02.07.02.20 Áfella á kanta þaks.	7
02.07.03.01 Bárustál 0,63 mm aluzink, neglt.	7
02.07.03.40 Útvega og setja upp þaktúður í mæni, $\emptyset=150$ mm.	8
02.07.10.13 Þakrennur og rennubönd úr blikki.	8
02.07.12.80 Tengingar við eldri niðurföll.	8
02.07.15.03 Borðaklæðning, fjarlægja skemmd borð og setja ný.	9
02.07.17.03 Þakpappi.	9
02.07.21.13 Loftunarrör með neti $\emptyset=40$ mm.	9
02.07.40.03 Sperrur, 45x125 mm, m/festingum.	10
02.07.64.01 Flasningar í kringum strompa.	10
02.07.90.05-72 Rif á gömlu þakefni.	10
02.07.90.72 Losa upp trapisuþakjárn og festa aftur.	11
3. LAGNIR	11
03.03.11.01 Tengja nýjar ofnalagnir við eldri ofnalagnir.	11
03.03.14.02 Svört stálrör $\emptyset=15$ mm m/pressfittings og veggfestingum.	12
03.03.20.01 Stálofnar og fylgihlutir.	12
03.03.90.01 Taka niður ofna, geyma og setja svo upp aftur.	13
03.03.90.10 Taka niður nýlegar stálofnalagnir, geyma og setja aftur upp.	13
03.03.90.12 Taka niður gamlar ofnalagnir, 10-20 mm og farga.	13
5. FRÁGANGUR INNANHÚSS.	14

05.01.03.05	100 mm plasteinangrun innan á útveggi, (16 kg/m ³).	14
05.01.04.03	Grófhúðun einangraðra veggja.	14
05.01.12.01	Flotun, 10-60 mm.	15
05.01.20.15	Slípun og spörslun á gólfi undir dúk.	15
05.01.80.01	Fjarlægja múrhuð og einangrun innan af útveggjum.	15
05.01.80.36	Brjóta burt gólfilögn undir dúk og fjarlægja, þykkt=1-6 cm.	16
05.02.17.01	Taka niður gerekti, sólbekki og gluggaáfellur.	16
05.02.17.10	Gluggaáfellur, rakavarðar spónaplötur, 16 mm.	16
05.02.18.01	Sólbekkur plastlögð spónaplata í kennslustofur.	17
05.02.19.01	Gluggagerekti fura, 15x70 mm.	17
05.04.03.04	Málun veggja, grunnur + tvær umferðir akrylmálning.	17
05.04.59.13	Sandspörtlun veggja, slétt.	18
05.05.62.01	Loftlúga í stofu 204, 60x90 cm. EI-60 brunapól.	19
05.07.02.22	Dúkur linoleum, 2,5 mm.	19
05.07.80.05	Fjarlægja gólfduk af gólfum og farga.	20
7.	FRÁGANGUR UTANHÚSS.	20
07.01.73.01	Múrviðgerðir á strompum, þykkt 1-5 cm.	20
07.01.77.01	Múrviðgerðir á strompum, filtun með þéttimúr 2-5 mm.	20
07.01.79.05	Sprunguþéttingar með inndælingu.	21
07.01.90.01	Slípa/saga halla á vatnsbretti undir gluggum.	22
07.01.90.02	Slípa og brjóta niður steiningu inn að gluggum,(yfirst/hliðarst)	23
07.01.90.22	Brjóta rauf fyrir loftunarrörum í þaki, 50x40 mm.	23
07.02.55.05	Þakkantur, (grind og klæðning) + festingar.	24
07.04.03.01	Sílanböðun steyptra flata.	25
07.04.06.01	Málun strompa, grunnur + 2 umferðir.	25
07.04.18.02	Málun timburþakkants, grunnur + 2 umf. (undir og framan.	26
07.04.87.01-30	Endurmálun gluggakarma, opnanlegra faga og útihurða.	26
07.05.03.03	Setja opnunarbúnað á opnanleg fög	27
07.05.05.01	Þakgluggar velux 55x78 cm + áfellur.	27

07.05.30.02 Gler og glerjun, m/péttingu, tvöfalt gler + nýjir glerlistar.	28
07.05.80.01 Hreinsa gamalt gler og glerlista úr gluggum.	29
07.05.84.45 Þetta milli gluggakarma og steypst útveggjar, að utan.	29
07.05.89.01 Gera við gluggakarma og gluggapósta, sponsa í.	29
07.05.92.01 Þétting á samskeytum gamalla pósta og gluggakarma.	30
9. AUKAVERK.	30
99.99.01.01 Tímavinna.	30
99.99.02.01 Skilgreining eininga.	31

Yfirlit yfir verkið:

Utanhúss:

Helstu verkþættir eru eftirfarandi:

- Brjóta steiningu í kringum glugga og grunna og kitta með límkiti á þéttipylsu.
- Slípa steiningu af áfelluhliðum í kringum glugga og múra slétt.
- Auka halla á vatnsbrettum undir gluggum og múra slétt.
- Mála glugga, opnanleg fög og útihurðir.
- Endurnýja gler í gluggum og opnanlegum fögum, þetta samskeyti glugga.
- Endurnýja þakklæðningu, þakrennur, áfellur og þakpappa.
- Byggja þakkant úr timbri.
- Sprunguviðgerðir með inndælingu þéttiefnis.
- Múra strompa á þaki.

Innanhúss:

- Rífa áfellur og gerekti í kringum glugga í stofum.
- Rífa plötuklæðningu, múr, einangrun innan við útvegg undir gluggum.
- Endurnýja gólfduka í þeim stofum sem gamlir dúkar eru.
- Endurnýja gamla ofna og ofnalagnir.
- Mála kennslustofur.
- Endurnýja sólbekki, áfellur og gerekti í kringum glugga.
- Einangra og múra undir gluggum.

VERKLÝSING.

ALMENNT.

00.05.02.01 Aðstaða og rekstur vinnusvæðis

Verktaka býðst að nota skólaálmuna (austurálmu) 1.hæð og 2.hæð sem aðstöðu fyrir starfsmenn sína meðan á verki stendur.

Telji verktaki hins vegar þörf á kaffi -og verkfæragám skal það innifalið í einingarverði.

Verktaki kostar þær bráðabirgðaheimtaugar sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd verksins, bráðabirgðatöflu fyrir rafmagn og tengingu á töflunni. Verktaki skal flytja burtu og farga öllum efnisafgöngum og því sem hann skal rífa og fjarlægja í verkinu, á sinn kostnað í samræmi við það sem fram kemur í verklýsingum. Kostnaður vegna gámaleigu fellur þar undir. Verktaki skal þrifa svæðið reglulega af slíkum efnisafgöngum og rusli og getur eftirlitsmaður verkkaupa synjað um samþykki reikninga fyrir framkvæmd verks þar til úr hefur verið bætt, telji hann að svo hafi ekki verið gert.

Verktaki má ekki stöðva eða tefja að óþörfu umferð um aðliggjandi götur og bílastæði, né umferð annarra um vinnusvæðið og skal haga framkvæmdum sínum með tilliti til þess.

Verktaki skal fjarlægja alla sína aðstöðu í verklok, þrifa eftir sig innan-og utanhúss og gera við hugsanlegar skemmdir sem hann hefur valdið á verktímanum, ef það hefur ekki þegar verið gert á þeim tíma.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp sem heild eins og fram kemur í magnskrá. Greitt verður eftir framvindu verks.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við aðstöðuna, svo sem vinna, efni, aðflutningar og brottflutningar vinnugáms, förgun og rýrnun o.s.frv. Einnig rafmagn og hiti og rekstur vinnusvæðisins að öðru leyti og rekstur aðstöðunnar á meðan á verki stendur.

00.06.16.01 Vinnupallar vegna þakvinnu, þakkants og glugga.

Hér er um að ræða verkpalla sem smíðaðir eru á staðnum eða lagðir til og settir upp þegar þeirra er þörf og þeir síðan rifnir/teknir niður og fjarlægðir að notkun lokinni og skal liðurinn innihalda hvorutveggja ásamt því að klæða þá með neti sé þess krafist. Stigar milli hæða, handrið, stífur, festingar, pallanet, flutningur efnis að og frá verkstað og annað það sem tilheyrir verkpöllum er einnig hluti af þessum lið. Verktaki skal haga uppsetningu þannig að hann hefti aldrei aðkomu að húsinu, bílastæðum og gönguleiðum. Hafa skal fullt samráð við verkkaupa um tilhögun verkpalla. Aldrei má yfirgefa verkstað án þess að fjarlægja alla stiga upp á fyrstu hæðir palla og sjá til þess að óviðkomandi hafi ekki aðgang að pöllum á annan hátt.

Verkpallar skulu vera í samræmi við kröfur vinnueftirlitsins byggingarreglugerðar.

Nota má aðrar gerðir af pöllum ef verkkaupi samþykkir það og að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru til þeirra af vinnueftirliti og byggingaryfirvöldum.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í heild eins og fram kemur í magnskrá. Greitt verður eftir framvindu verks.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við verkpallana, svo sem flutning að og frá vinnustað, uppsetningu og niðurtekningu verkpalla, rýrnun efnis og förgun nema annað sé tekið fram

2. Burðarvirki

02.07.00.00 ÞAK.

02.07.02.03 Kjöljárn úr aluzink, negldur.

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir kjöljárni úr aluzink. Efnisþykkt skal vera 0,63 mm. Stærðir og gerðir þéttinga skulu vera að fyrirmælum framleiðanda og á ábyrgð hans. Kjöljárn skal festa í aðra hverja hábáru með heithúðuðum kambþaksaum 4,2x65 mm. Beygja skal lágbáru á bærustáli á þeirri plötuhlið sem snýr að mæni upp með skiptilykli áður en að kjöljárni er komið fyrir við mæni.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.02.11 Skotrenna úr aluzink, negld.

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir skotrennu úr aluzink. Efnisþykkt skal vera 0,63 mm. Breidd skotrennu skal vera minnst 300+300 mm og í 3 metra lengjum.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.02.20 Áfella á kanta þaks.

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir kantáfellur á þakbrún úr aluzink. Efnisþykkt skal vera 0,63 mm. Stærð áfellur er c.a.150x200 mm og skal sú hlið sem leggst ofan á bårustál ná yfir tvær hábáru og neglast í gegnum hábáru með 300 mm millibili. Hin hliðin sem leggst á vegginn skal festast með ryðfríum reknöglum 6x50 mm, c/c 250 mm.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.03.01 Bårustál 0,63 mm aluzink, neglt.

Liður þessi felur í sér að leggja til og setja þakklæðningu á þak. Bårustál skal vera aluzink 0,63 mm. Hliðarskorun sé ein og hálf bára. Þakklæðningu skal negla með heithúðuðum kambþaksaum 4,2x65 mm og skulu þéttingar vera undir nöglum. Neðsta röð skal neglast 10 cm frá neðri brún í aðra hverja hábáru, næsta röð 25 cm frá neðri brún og skal hún einnig neglast í aðra hverja hábáru. Rest neglist í aðra hverja hábáru c/c 62 cm á milli raða. **Ekki er heimilt að negla kambþaksaum í gegnum skotrennur.**

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.03.40 Útvega og setja upp þaktúður í mæni, $\varnothing=150$ mm.

Liður þessi felur í sér að leggja til og setja upp þaktúður úr aluzink efni. Þvermál rörs skal vera 150 mm. Útvega skal túdo sem er með hatti og áfastri aluzink sléttri plötu sem nær upp undir kjöljárn og skal breidd sléttu plötunar ná út fyrir 3 hábáru út frá röri og um 30 cm niður fyrir rör. Hæð túdo skal vera um 400 mm upp fyrir bárustál. Innifalið í þessum verklið er að gera gat í bárustál, þakpappa og borðaklæðningu.



Sambærileg þaktúða

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í stykkjum (stk).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.10.13 Þakrennur og rennubönd úr blikki.

Verktaki skal taka niður þakrennur og rennubönd og setja síðan upp aftur þegar búið er að smíða nýjan þakkant. Gæta skal þess að efni skemmist ekki þegar það er tekið niður. Um er að ræða hvítar rennur úr blikki. Festa skal rennubönd ofan á krossvið með ryðfríum tréskrúfum 4,5x35 mm, 3 stk í hvert rennuband.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.12.80 Tengingar við eldri niðurföll.

Þegar verktaki hefur lokið smíði á þakkanti og komið gömlur þakrennunum aftur fyrir í rennuböndin skal tengja niðurfallsstúta við þakniðurföll sem eru utan á útveggjum. Til þess þarf verktaki að útvega hvítar beygjur úr sama lit og sama efni og eru á húsinu. Allir stútar og beygjustykki skulu vera innifalín í þessum lið.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í stykkjum (stk).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.15.03 Borðaklæðning, fjarlægja skemmd borð og setja ný.

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir borðaklæðningu á þak í samræmi við magnskrá og teikningar. Um er að ræða furuborð 25 x 150 mm. Klæðningin skal negld í hverja sperru með galvanhúðuðum saum 3,1x75 mm. **Áður en ný borðaklæðning er sett á sperrur skal rífa upp skemmda borðaklæðningu og farga. Sú vinna skal vera innifalinn í þessum verklíð.**

Borð skulu sett saman yfir sperrum og mega samsetningar aldrei vera meira en tvær á sömu sperru. Inn á miðju þaki skal negla með 3x 3,1x75 mm heitgalvanhúðuðum saum m/haus í hvert borð og sperru. Hvert borð skal ekki vera styttra en 2,6 metrar. Neðsti 1,1 meter á þaki og 1,1 meters breitt svæði við þakbrúnir skal negla með 4 stk 3,1x75 mm heitgalvanhúðuðum saum m/haus í hvert borð og sperru.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) mælt af teikningum.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.17.03 Þakpappi.

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir þakpappa undir þakklæðningu á þak. Pappi festist með pappasaum við borðaklæðningu eða með heftum og þá með plastborða á milli hefta og pappa og úr ryðfríu efni, sé pappinn negldur niður skal nota pappasaum c/c 50mm. Pappinn leggist langsöm eftir þakinu og skarist um minnst 250 mm á þversum samskeytum og 100 mm á langsöm samskeytum. **Setja skal tvöfalt þakpappalag í skotrennur og fellur það undir skörun í greiðslulið.** Komi slysgöt á pappa skulu þau lagfærð í samráði við verkkaupa fyrir klæðningu. Þyngd þakpappa skal vera a.m.k. 1,87 kg/m² og yfirborð pappans skal vera sendið.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, skörunar pappa, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.21.13 Loftunarrör með neti Ø=40 mm.

Liður þessi felur í sér að leggja til og koma fyrir og festa loftunarrör til loftræsingar á þaki. Eftir að verktaki hefur lokið múrbroti í steyptan útvegg skal rorum komið fyrir í rauf og þau fest með múrblöndu við vegg. Gæta skal þess að rörin liggi þétt upp við borðaklæðningu. Fremst á rör (úti) komi fínt skordýranet. Kítta skal með límkítu í kringum rör á þeirri hlið sem snýr út.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk) talið af teikningum.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.40.03 Sperrur, 45x125 mm, m/festingum.

Setja þarf nýjar þaksperrur í kringum skorstein. Nota skal styrktarflokkaða furu, T1 efni (C24) í verkið. Festa skal sperrur í langbönd sem eru undir sperrum með stikkneglinu 2x5“ heithúðuðum saum m/haus, þar sem sperrum er skarað í þaki skal negla skörun með 4 x4“ heithúðuðum saum m/haus.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.64.01 Flasningar í kringum strompa.

Verktaki skal leggja til og setja upp flasningar í kringum strompa. Um er að ræða 3 strompa sem þarf að endurnýja flasningar. Efni í flasningar skal vera 0,6 mm þykkt aluzink. Áfellur skulu ná 20 cm upp á strompa og skal skera rauf í vegg stromps um 3 mm breiða og 15 mm djúpa allan hringinn. Flasningar skulu vera með broti að ofan og limast inn í þessa rauf. Ryksjúga skal allt ryk úr raufum og grunna með þangrunni áður en flasningar eru límdar inn í raufar. Flasning sem kemur ofan við stromp skal ganga 100 cm upp undir bærustál og ná 30 cm út fyrir hliðar stromps í báðar áttir. Flasningar sem koma niður með hliðum skulu ná yfir 3 hábáru og með broti niður í lágbáru bærustáls, þessar áfellur skulu ná 30 cm upp fyrir og niður fyrir skorstein. Flasning sem kemur neðan við stromp skal ná 30 cm niður fyrir bærustál og leggjast ofan á bærustál. Festa skal flasningar í hliðar strompa með ryðfríum reksrúfum 6x60 mm, c/c 250 mm. Negla skal áfellur í gegnum flasningar í gegnum hábáru bærustáls með kambþaksaum eins og notaður er til að festa þakplötur, miða skal við c/c 300 mm.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.90.05-72 Rif á gömlu þakefni.

Verktaki skal rífa af bárujárn, kjöljárn, skotrennur, flasningar, þakrennur og rennubönd, borðaklæðningu, þakpappa og pappasaum, þaksperrur, þakgluggalúgur, þakdúk og annað sem fram kemur í magnskrá og fjarlægja og farga. Þess skal vandlega gætt að ekkert skemmist við rífið og ef það gerist er þak á ábyrgð og á kostnað verktaka að gera við það. Skal þess sérstaklega gætt að ekki stafi slyshætta af þessari vinnu.

**Einungis skal rífa þá borðaklæðningu sem er fúinn.
Þakrennur og rennubönd á að geyma og setja aftur upp.**

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) og fermetrum (m²).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

02.07.90.72 Losa upp trapisupakjárn og festa aftur.

Verktaki skal losa upp trapisupakjárn sem er við skotrennur vestan megin við þakið sem á að endurnýja, rífa skal plötur þannig að hægt sé að endurnota þakjárníð. Einnig þarf að losa upp hluta af kjöljárn til að ná þakplötum af, setja skal nýjan þakpappa á því svæði sem losa þarf upp og sú vinna innifalin í þessum verklið.



Mynd sem sýnir trapisujárníð

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

3. Lagnir

03.03.11.01 Tengja nýjar ofnalagnir við eldri ofnalagnir.

Liður þessi inniheldur tengingu nýrra lagna við eldri lagnir með öllu sem því tilheyrir. Um er að ræða að útbúa leið fyrir lögnina að eldri lögn, loka fyrir rennsli ofnakerfis, tæma kerfi sé þess þörf, rjúfa þá lögn og tengja nýju lögnina inn á þá eldri og ganga að fullu frá tengingunni.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í stykkjum (stk).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, förgunargjald og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv.

03.03.14.02 Svört stálrör $\varnothing=15$ mm m/pressfittings og veggfestingum.

Efni í hitalögn skal vera svart, bæði pípur og tengistykki. Pípur skulu vera snyrtilega skornar og pípuendar rifnir upp þannig, að þeir verði keilulaga og lausir við hvassa brún. Pípur skal leggja með halla, þar sem því verður við komið, svo að tæma megi lögnina.

Festa skal pípur með viðurkenndum festingum og þess gætt sérstaklega að pípur geti þanist eðlilega út. Mesta fjarlægð milli festinga skal vera 2 m. Áður en samskeyti á pípum eru einangruð skal þrýstiprófa kerfið með köldu vatni og 1,0 Mpa (10 bar) þrýstingi. Þrýstingurinn skal haldast á kerfinu í 24 klst. án þess að falla. Athuga skal öll samskeyti og ganga úr skugga um að kerfið sé þétt. Þrýstimælir skal vera á kerfinu á meðan prófunin fer fram. Tilkynna skal eftirlitsmanni með eins sólarhrings fyrirvara, hvenær prófun eigi að fara fram

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í metrum (m).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, förgunargjald og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv.

03.03.20.01 Stállofnar og fylgihlutir.

Ofnar eru af þeirri gerð og stærð sem tilgreind er í magnskrá og á teikningum. Þeir skulu vera af vandaðri gerð sem eftirlitsmaður og byggingaryfirvöld samþykkja og í samræmi við ÍST-69. Þeir skulu vera úr a.m.k. 1,25 mm þykku stáli gerðir fyrir 1,0 Mpa (10 bar) þrýsting. Ofnar skulu koma fullmálaðir með ofnbökuðu lakki frá verksmiðju. Ofna skal staðsetja þannig á vegg að neðsta brún á ofni sé í 100-120 mm hæð frá frágengnu gólfi. Fjarðlægð frá frágengnum vegg og að ofni verði 35-50 mm. Ofnar skulu festast á þar til gerðum veggfestingum, sem skulu fylgja frá verksmiðju. Á hvern ofn komi lofttæmingarskrúfa og snúi tæmingarop frá vegg. Útvega og setja skal stillité, ofnloka og haus á ofnloka samkvæmt magnskrá. Einnig skal bora og setja upp ofnafestingar sem samræmast ofnategund.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í stykkjum (stk).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, þ.e. ofnar, loftskrúfur, stillité, festingar og annað sem tilheyrir ofninum og er ekki talið upp í öðrum liðum, vinna við uppsetningu og tengingu, vélar og flutningar og förgun umframefnis nema annað sé tekið fram.

03.03.90.01 Taka niður ofna, geyma og setja svo upp aftur.

Verktaki skal aftengja, taka niður nýlega ofna. Tæma úr þeim vatn og geyma á verkstað. Þegar búið er að laga útveggi skal setja ofna aftur upp með þeim ofnafestingum sem fyrir voru.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í stykkjum (stk).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, þ.e. pípur, gúmmíhringir og söndun, vinna, vélar og flutningar. Einnig, festingar ef um er að ræða, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv. og förgun umframefnis, hreinsun lagna og prófun.

03.03.90.10 Taka niður nýlegar stálofnalagnir, geyma og setja aftur upp.

Verktaki skal losa og taka niður nýlegar stálofnalagnir niður af veggjum. Um er að ræða stállagnir með press fittings. Einnig skal taka niður festingar og geymalagnir og festingar. Að viðgerð lokinni á útveggjum skal verktaki setja aftur upp festingar og lagnir eins og hægt er. En einnig leggja til nýjar lagnir að hluta svo tenging gangi upp.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda o.s.frv. og förgun umframefnis, nema annað sé tekið fram. Jarðvinna umfram söndun er ekki með í þessum lið en brunnlok er innifalið og vinnan við það.

03.03.90.12 Taka niður gamlar ofnalagnir, 10-20 mm og farga.

Verktaki skal taka niður gamlar stálofnalagnir og festingar og farga. Gæta skal þess að veggur skemmist ekki þegar ofnafestingar eru fjarlægðar.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5. Frágangur innanhúss.

Múrverk

05.01.03.05 100 mm plasteinangrun innan á útveggi, (16 kg/m³).

Útveggi skal einangra með 100 mm frauðplasteinangrun (16 kg/m³) . Áður en einangrun veggja eða lofta hefst skal höggva mótavír burt og hreinsa alla steypufleti. Einangrunarplötur skal líma á vegg með múrblöndu sem borin er á alla bakhlið plötunnar. Þess skal gætt að hvergi sé holt undir plötum. Lagþykkt skal vera 5-8 mm af múrblöndu. Um er að ræða svæði undir gluggum í kennslustofum. Ekki er heimilt að dýfla plötur upp.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og miðast við frágengna fleti eins og hægt er að mæla þá að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinnu, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rífið er ef um er að ræða. Innifalið er brúnir, kantar, kverkar, handlang, vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið og ekki er reiknað í öðrum liðum verksins.

05.01.04.03 Grófhúðun einangraðra veggja.

Þegar verktaki er búinn að setja einangrunarplast innan á útveggi skal hann múrhúða á einangrun. Draga skal 5 mm þykkt múrlag á plastið, draga skal með kalkkúst yfir 5 mm lagið til að auka viðloðun fyrir seinni umferð. Strengja síðan múrfibernet yfir og múrfylla það með a.m.k. 15 mm þykku múrlagi. Pússa skal yfirborð og rétta af svo það sé tilbúið undir sandsparsl.

Múrhúða skal með fullri afréttingu. **Lágmarksþykkt múrhúðunar á einangrun, skal vera 2 cm.** Múrhúðun skal alls staðar hafa góða viðloðun og skal verkinu þannig hagað að sprungumyndun verði sem minnst. Séu fletir einvörðungu grófhúðaðir skal þess gætt að áferð verði sem sléttust og engin för eftir verkfæri sjáanleg.

Eftirlitsmaður verkkaupa skal samþykkja grófhúðun áður en verki er haldið áram.

Í einhverjum tilfellum þarf að verja gólfefni við múrefni og skal verktaki leggja plast yfir gólfefni svo ekki slettist múrblanda og ryk á þau, verktaki skal vera ráð fyrir þessari vinnu í ákvörðun einingarverðs í þessum lið.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og miðast við frágengna fleti eins og hægt er að mæla þá að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rífið er ef um er að ræða. Innifalið er brúnir, kantar, kverkar, handlang, vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið og ekki er reiknað í öðrum liðum verksins.

05.01.12.01 Flotun, 10-60 mm.

Verktaki skal flota gólf eftir að búið er að brjóta upp lausa gólfíögn. Grunna skal gólfplötu áður en gólf er flotað. Koma skal í veg fyrir of hraða þornun efnisins fyrstu 48 klst. eftir útlögn. Það má t.d. gera með því að hafa lágt hitastig í rýminu sem lagt var í. Ekki má loka af ílögninni með plasti o.þ.h. Eftir þann tíma má hita rýmið, en það skal gert hóflega til að byrja með.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og miðast við frágengna fleti eins og hægt er að mæla þá að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða.

05.01.20.15 Slípun og spörlun á gólfi undir dúk.

Eftir að gólfdukar hafa verið fjarlægðir skal verktaki slípa og hreinsa gólf, slípa skal burtu gamalt dúkalím og aðrar ójöfnur ef þær eru til staðar. Gera skal ráð fyrir að það þurfi að blettsparsla einhver svæði þar sem gamall dúkur var áður en nýr linoleum gólfdukur er settur niður.

Efnisnotkun ca 1,6 kg/m²/mm þykkt.

Grunna skal ílögn áður en flotsparsl er smurt á gólfplöt.

Við útlögn á flotspartli skal fá samþykki verkkaupa fyrir efninu og síðan skal fylgja leiðbeiningum þess frameiðenda sem valinn er, bæði hvað varðar blöndun, útlögn og þykkt. Gólf er sléttað með ílögninni og má hæðarmunur hvergi vera meiri en 2 mm á fleti með 1500 mm þvermál. Ekki skal leggja flotspartl á gljúpa fleti.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða.

05.01.80.01 Fjarlægja múrhúð og einangrun innan af útveggjum.

Verktaki skal saga beina línu í ákveðinni hæð frá gólfi í hverri stofu í samráði við eftirlitsmann verkkaupa, því fjarlægja þarf hluta af múrhúð og vikureinangrun af útveggjum í stofum. Uppbygging útveggja er í megin atriðum 10 cm vikursteinn og 2 cm múrhúð. Í einhverjum tilfellum bakvið ofna er plötuklæðning, þolplast, trégrind og steinull. Sú uppbygging skal einnig fjarlægð á þeim stöðum sem eftirlitsmaður verkkaupa óskar.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldir vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

05.01.80.36 Brjóta burt gólfílögn undir dúk og fjarlægja, þykkt=1-6 cm.

Verktaki skal brjóta burt lausa gólfílögn sem er undir linoleum gólfduki, fjarlægja og farga. Gert er ráð fyrir að þykkt geti verið allt að 60 mm.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rífið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldir vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

05.02.17.01 Taka niður gerekti, sólbeppi og gluggaáfellur.

Verktaki þarf að rífa niður gerekti, sólbeppi, og gluggaáfellur og farga. Í kringum alla glugga í kennslustofum. Einnig eru nokkrir gluggar þar sem er múrað inn að. Þar eru ekki gerekti. Rif á þessum múruðu áfellum fellur undir þennan lið. Hafa skal samráð við eftirlitsmann verkkaupa við þessa vinnu, þ.e.a.s. hvaða glugga er um að ræða.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rífið er ef um er að ræða.

05.02.17.10 Gluggaáfellur, rakavarðar spónaplötur, 16 mm.

Útvega og sníða skal nýjar gluggaáfellur í kringum þá glugga sem höfðu timburáfellur. Nota skal 16 mm rakavarðar spónaplötur til verksins. Áfellur skulu ganga inn í áfellunót og skal fræsa tappa á áfellur sem er í sömu stærð og nótin. Áfellubreidd skal bera við vegglinu að innan verðu. Festa skal áfellur tryggilega í steiptan vegg með steinskrúfum 7,5x100 mm og fleygum á milli eða krossviðarbútum, á hornum að ofan skal lima sama áfellur með rakavörðu trélími. **Inni í þessum verklið er einnig að hreinsa burtu festifrauð sem heldur glugga og setja stífa steinull (rúmpýngd>80 kg) í staðinn fyrir frauðið í kringum gluggana þar sem það á við. Pakka skal steinull þétt í bilið milli gluggakarms og steypis útveggjar.**

Komi í ljós að gluggar eru ekki festir með skrúfum í steypu skal verktaki festa gluggakarma í gegnum hliðarstykki með steinskrúfum 7,5x120 mm c/c 800 mm.

Þéttipylsa skal vera yst í gluggabrún sem verður kíttað á með límkiti en sú vinna fellur undir lið 07.05.84.45 í frágang utanhúss.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rífið er ef um er að ræða.

05.02.18.01 Sólbekkur plastlögð spónaplata í kennslustofur.

Verktaki skal útvega og setja upp sólbekki í kennslustofur. Nota skal 30 mm rakavarðar spónaplötur með álímdu duropal harðplasti, samskonar plast skal vera á rúnuðum köntum sem snúa inn að kennslurými. Sólbekkir skulu ganga heilir á milli glugga og ná yfir alla stofuna. Einnig skal fræsa úr sólbekkjum og láta þá ganga inn í áfellunót á gluggum. Festa skal sólbekki tryggilega með furulista úr smíðavið (28x45 mm) undir sólbekk innan á útvegg, sem málást í sama lit og veggur. Listi festist á múrhúð með múrtappa og tréskrúfum 4,5x60 mm c/c 400 mm.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rífið er ef um er að ræða.

05.02.19.01 Gluggagerekti fura, 15x70 mm.

Þegar verktaki hefur lokið uppsetningu spónaplötuáfella skal hann útvega og sníða gluggagerekti úr kvistalausri furu, miða skal við stærðina 15x70 mm og skal rúna langhliðar sem snúa inn í kennslurými með handfræsara, gerekti skulu vera pússuð slétt svo ekki sjáist hefilför eða önnur sagaför í timbri. Festa skal gerekti upp með 30 mm stálnöglum c/c 300 mm bæði í enda á áfellu og í múrhúð. Þar sem gerekti koma saman í hornum upp skal sníða gerekti í 45° að hvort öðru.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rífið er ef um er að ræða.

Málun innanhúss.**05.04.03.04 Málun veggja, grunnur + tvær umferðir akrylmálning.**

Verktaki skal endurmála útveggi þegar þeir hafa verið endurbættir með múrhúð og frágangur í kringum glugga er lokið. Inní þessum lið er að slípa og endurmála 2 umferðir á fleti sem hafa ekki verið rifnir. Einnig skal grunna á sandsparslaða fleti neðarlega á veggjum og mála 2 umferðir með akrylmálningu. Einnig skal grunna og mála 2 umferðir með gluggalakki á áfellur og gerekti sem eru í kringum glugga.

Öll ofangreind vinna fellur undir þennan lið í magnskrá.

Einnig skal endurmála aðra veggi í kennslustofum í samræmi við ofangreint og í samráði við eftirlitsmann.

Gljástig akrylmálningar á veggi skal vera 20%

Komi í ljós að veggfletir hafa verið málaðir með olíumálningu skal verktaki grunna með sérstökum grunni áður en endurmálun hefst til að fá viðloðun fyrir akrylmálningu.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

05.04.59.13 Sandspörtlun veggja, slétt.

Verktaki skal sandspartla á múrhúð útveggja þannig að yfirborð verði tilbúið undir málningu.

Sandspartla skal sem hér segir:

- 1) Steinslípun og viðgerðir.
- 2) Sandspartla einu sinni og slétta.
- 3) Blettaspertla eða holufylla með sandspartli og slípa lauslega.
- 4) Sprauta á sandspartli og slétta með spöðum
- 5) Sprauta á sandspartli og slétta með spöðum og slípa.

Sandspartl skal vera unnið úr hvítum marmara og skal vera án óhreininda, glertrefja, asbests eða kalks. Sandspartlið skal bindast vel við þann flöt sem það er sett á og rýrna <1 mm í 2 mm lagþykkt. Kornastærð skal vera 0-0,3 mm.

Að lokinni spörtlun skal yfirborð flata vera eggslétt, þ.e. frávik miðað við 3 m réttskeið skal aldrei vera meira en +/- 2 mm. Aukaumferð skal bætt við, verkkaupa að kostnaðarlausu, telji eftirlitsmaður þörf á, til að ná sléttu yfirborði.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

05.04.89.10-20 Endurmála gamla glugga, opnanleg fög og útihurðir.

Verktaki skal endurmála glugga, opnanleg fög og útihurðir.

Verkið skal vinna með eftirfarandi hætti:

- Rífa upp lausa lakkmálningu á fleti.
- Pússa fleti með sandpappír.
- Grunna og sandsparsla í misfellur.
- Pússa sandsparsl slétt þannig að ekki sjáist misfellur + sópa.
- Mála 1. Umferð með gluggalakki með háu gljástigi.
- Blettsparsla og slípa létt yfir + sópa.
- Mála 2. Umferð með gluggalakki með háu gljástigi.

Miða skal við að lakka glugga hvíta eins og fyrir er og nota til verksins viðurkennda akrýl lakkmálningu ætlaða á glugga.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) og stykkjum (stk) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þríf á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

05.05.62.01 Loftlúga í stofu 204, 60x90 cm. EI-60 brunapol.

Verktaki skal útvega og setja upp loftlúgu eða fellistiga til að hægt sé að komast upp í þakrými úr stofu 204 á 2.hæð. Lofthæð er í kringum 3 metrar. Stiginn skal vera úr gegnheillri furu og vera samanbrjótanlegur Lúga skal vera á stállöllum með gormi sem heldur við stiga þegar stiginn er opnaður. Stöng skal fylgja með til að hægt sé að krækja í lúguna og opna stigann. Brunapol lúgu skal vera EI-60.

Inni í þessum verklið er að rífa gömlu lúguna og farga henni.

Miðað er við að kaupa staðlaða stærð af fellistiga sem er í kringum 60 cm á breidd og 90 – 100 cm á dýpt. Komi í ljós að það þurfi að stækka eða minnka gatið í loftaplötunni svo að lúgann passi skal sú vinna innifalin í þessum lið.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig festingar, lamir, handföng, stöng og brottflutningur og förgun uframefnis.

05.07.02.22 Dúkur linoleum, 2,5 mm.

Gólfdukur skal vera 2,5 mm þykkur og vera appelsínugulur eins og nýlegur dúkur í kennslustofum lítur út. Áður en gólfdukur er lagður skulu gólf flotuð/blettspörsluð og tryggð góð binding dúks við gólf. Fyrir dúkalögn skulu gólf grunnuð með viðeigandi grunni. Hvorutveggja valið í samráði við verkkaupa að fyriræluð dúkaframleiðanda. Við dúkalögn skal loftraki vera undir 60% og raki í gólfmúr undir 3,5%. Hitastig skal vera 18-22°C. Verktaki skal láta verkkaupa vita með góðum fyrirvara um rakastigsmælingu og tímasetningu á dúkalögn.

Gólfdukur skal líma með vatnspólnu dúkalími. Leitast skal við að hafa gólfdukur sem heillegastan. Samskeyti skal sjóða saman og bræða suðupráð yfir samskeyti í sama lit og dúkur. Nota skal gólfvaltara yfir allar límingar. Líma skal sökkuldúk c.a. 60 mm upp á vegg með contact lími. Miðað skal hæð við þá hæð sökkuldúks sem fyrir er í stofum.

Verktaki skal verja ákominn dúk skemmdum á meðan á framkvæmdum stendur og lagfæra dúkinn á sinn kostnað ef skemmdir verða. Dúkalögðum gólfum skal skila yfirborðsmeðhöndluðum, bónuðum með þar til gerðum efnum samkvæmt fyriræluðum framleiðanda dúksins, tilbúnum til notkunar.

Þurfi að heilflota undir dúkalögn með viðurkenndu floti ætluðu undir dúkalögn og skal sú vinna vera innifalin í einingarverði dúks.

Blettspörsun fyrir niðurlögn dúks er undir lið 05.01.20.15**MAGNTÖLUR:**

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m) eins og reikna má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar efnis á verkstað. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

05.07.80.05 Fjarlægja gólfduk af gólfum og farga.

Endurnýja á gólfduk í kennslustofum á 1.hæð og 2.hæð. Í þeim stofum þar sem fyrir er appelsínugulur gólfdukur skal skera beina línu meðfram útveggjum. Miða skal við að mæla 70 cm frá útvegg og skera þar og fjarlægja dúkinn sem er nær útveggnum. Í nokkrum kennslustofum er eldri dukur grár á litinn. Þann duk skal fjarlægja allan af gólfi og farga.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó heild (heild) eins og mæla má að verki loknu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magskrá..

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig brottflutningur og förgun dúks.

7. Frágangur utanhúss.**07.01.73.01 Múrviðgerðir á strompum, þykkt 1-5 cm.**

Verktaki skal laga áferð á strompum. Slípa skal með bollaskífu yfir veggfleti strompa inn í hreina steinsteypu, brjóta lausa steypu af, grunna og múra yfir veggfleti með múrblöndu sem er ætluð til nota utandyra. Lagþykkt skal vera á bilinu 1-5 cm svo afrétting náist. Pússa skal strompa svo ekki sjáist för eftir verkfæri að viðgerðum lokinni. Múra skal niður fyrir nýjar áfellur sem koma á stromp þegar þak er endurnýjað.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²).

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar, hlífðarplast á þak í kringum strompa og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þrif á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.01.77.01 Múrviðgerðir á strompum, filtun með þéttimúr 2-5 mm.

Verktaki skal laga áferð á strompum, eftir að búið er að laga veggfleti strompa með múrviðgerðum í lið 07.01.73.01, skal filta með þéttimúr í lagþykkt 2-5 mm. Nota má t.d. Þéttimúr frá BM Vallá. Áferð skal vera gallalaus og úthorn í línu (bein). Grunna skal fleti áður en múrað er með múrgrunni.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og fram kemur í magnskrá og hægt er að mæla að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar, hlífðarplast á þak í kringum strompa og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þríf á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.01.79.05 Sprungupéttingar með inndælingu.

Þetta þarf í sprungur í útveggjum á austurálmum grunnskólans.

Leyta skal að sprungum í samstarfi við eftirlitsmann verkkaupa.

Til verksins skal nota þunnfljótandi PUR inndælingarefni sem þennst út í sprungur til vatnsþéttinga á sprungum.

Verktaki skal bora með reglulegu millibili holur fyrir ídælingarventla. Millibil á milli ventla skal að jafnaði vera hálf bordýptin sem er boruð í hverja sprungugerð fyrir sig. Algengast er að millibilið sé u.þ.b 25 cm á milli ventla. Almennt skal bora skáhallt í gegnum steypuskil þannig að borgatið gangi í gegnum skilin í u.þ.b. miðju þversniðinu. Dýpt og millibil á borholum skal vera í samræmi við dýpt sprungu og viðgerðaraðferð skv. fyrirmælum framleiðanda.

2) Hreinsa skal ryk og önnur óhreinindi úr borholunum með þrýstilofti fríu við olíu. Ef þurfa þykir skal bleyta ídælingarsvæðið í samræmi við ráðleggingar framleiðanda.

3) Festa skal ídælingarventlana og þetta tryggilega í borholurnar þannig að ídælingaefnið gangi ekki upp með ventlinum sjálfum.

4) Ef ídælingarefnið gengur ekki alls staðar út úr skilunum á milli ventla skal verktakinn bora fyrir nýjum ventli á milli þeirra ventla sem fyrir eru og dæla að nýju. Þannig skal tryggja að þéttiefni sé samfelld í sprungum og steypu skilunum.

5) Umframefni og ventla skal hreinsa burt eftir ídælingu. Best er að nota ventla með einstreymisloka (1 day packer) sem hægt er að losa í sundur að lokinni dælingu án þess að efni dælist úr þeim aftur og fylla í borgat með viðurkenndum 2 þátta þenslumúr , t.d Arcan Sealfix 930 , sem er sérhannaður til þess. Setja skal steinsalla í viðgerðir þar sem ventlar voru boraðir.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þríf á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.01.90.01 Slípa/saga halla á vatnsbretti undir gluggum.

Verktaki þarf að auka halla á múruðum vatnsbrettum undir gluggum. Núna eru vatnsbretti með mjög litlum halla og eru þau steinuð og gróf og veita illa vatni frá sér. Auka þarf hallann þannig að vatnsbrettið sé í um 20° halla frá lágréttri línu, það er um 25 mm lækkun á fremstu brún á vatnsbrettum. Saga þarf lóðréttu línu í línu við hliðaráfellur og svo lágrétta línu með sögunarblaðið í c.a. 20°



Hér sjást umrædd vatnsbretti á austurálmum í suðurátt.

halla með stefnu að undirstykki glugga. Þegar verktaki hefur lokið sögun skal festa réttsskeið við lágrétta brún og múra yfirborð slétt með þéttimúr, lagþykkt ætti ekki að vera meiri en 10 mm að jafnaði. Pússa skal svo yfir með filtbretti eða stífu frauðplasti til að ná verkfæraförum úr og ná sléttri áferð.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkþalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þríf á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.01.90.02 Slípa og brjóta niður steiningu inn að gluggum,(yfirst/hliðarst)

Verktaki skal brjóta burtu múr á hliðum og ofan við glugga. Áfellur eru með steinaðri áferð. Gera þarf áfellur sléttar með viðgerðablöndu. Einnig skal verktaki brjóta alveg í gegnum múraðar hliðar svo hægt sé að kítta á þéttipylsu í kringum glugga í lið 07.05.84.45. Verja þarf glugga þegar slípað og brotið er í kringum gluggana og er það innifalið í þessum lið. Nota skal bollaskífu í slípirokk til verksins þegar slípað er. **Heppilegt er að framkvæma þennan verklið áður en nýtt gler er sett í gluggana.**

Þegar múrað er ætti lagþykkt ekki að vera meiri en 10-30 mm að jafnaði. Pússa skal svo yfir með filtbretti eða stífu frauðplasti til að ná verkfæraförum úr og ná sléttri áferð.

Dýpt á múruðum áfellum er í kringum 11 cm.



Hér hefur verið brotið inn að glugga.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þrif á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.01.90.22 Brjóta rauf fyrir loftunarrörum í þaki, 50x40 mm.

Þegar búið er að rífa upp tvær neðstu raðir borðaklæðningar í þaki þarf að koma fyrir 40 mm loftunarrörum efst í steiptum útvegg. Til að það sé hægt þarf verktaki að saga/brjóta með brotvél raufar sem eru c.a. 40x50 mm að stærð og ná í gegnum útvegginn, lengd hverrar raufar er í kringum 25-35 cm. Koma þarf síðan rörum fyrir í framhaldinu, sjá lið nr. 02.07.21.13.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), eins og telja má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þrif á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.02.55.05 Þakkantur, (grind og klæðning) + festingar.

Liður þessi felur í sér efni og vinnu við að smíða grind þakkants og klæða hann að fullu samkvæmt teikningu **A-01, deili**. Og neðangreindri verklýsingu.

Rífa skal tvær – þrjár neðstu borðaraðirnar af þakinu til að koma fyrir loftunarrörum og 25 mm grenikrossvið sem gengur út á þakkantagrind, krossviður á að skrufast í þakkantagrind með 4x 5x70 mm ryðfríum tréskrúfum í hvern bita. Krossviður skal einnig neglast í þaksperrur með 3“ saum, c/c 50 mm. Laska skal undir skammhliðar á krossviðsplötum og skrúfa saman.

Bolta skal reim úr 45x95 mm úr styrktarflokkaðri furu á hallandi hlið steypa þakkants, timbur festist með heithúðuðum múrboltum 10x120 mm c/c 600 mm, setja skal 40x40 mm heithúðaða brettaskinnu undir rær. Til að búa til grind skal nota niðursagað 45x95 mm grindarefni. Verktaki skal sníða efni í samræmi við teikningu. Skásaga og taka þarf úrtök í grind. Festa skal grind við reim með BMF 105 vinklum án styrkingar. Grind skal vera með c/c 600 mm millibili. Vinklar neglast með kamsaum 4x40 mm, 6 naglar í hvora hlið á vinkli. Grind skrufast saman að framanverðu með 5x90 mm ryðfríum tréskrúfum, 2 stk í hvern festipunkt. Klæða skal þakkant með 4x (21x110 mm) bandsagaðri furuvatnasklæðningu með nót og tappa á langhliðum, laska skal samskeyti vatnasklæðningar saman með afgangsefni festa skal vatnasklæðningu upp með ryðfríum tréskrúfum (A4) 4x60 mm, tvær skrufur í hvern festipunkt. Undir timburgrind skal klæða með 15 x 90 mm listum með 5 mm fúgu á milli borða fremst við vatnasklæðningu skal hafa 20 mm fúgu svo loft komist inn í þakkant. Festa skal 15x90 mm listana upp með 5x40 mm ryðfríum heftum tvö hefti í hvern festipunkt. Á úthornum skal geirskera listana svo þeir falli saman í 45°. Sama á við um bandsöguðu klæðninguna 21x110 mm. Þar sem grind gengur undir gamla steypa kantinn skal festa þann hluta upp í steypu með rekskrúfum 10x100 mm heitgalvanhúðuðum, miða skal við eina skrufu í hvern bita upp undir steypa kantinn. Það gæti þurft að fella fleyga á milli þegar rekskrúfur er festar til að grindin haldi línu. Skal sú vinna vera innifalin í þessum verklið.

Við uppsetningu á klæðningu skal bletta í öll sögunarsár með þekjandi viðarvörn, þetta á við um 15x90 mm efnið og 21x110 mm vatnasklæðninguna.

Bora skal fyrir öllum skrúfum sem koma við kantbrún skammhliðar.

Setja skal tvö lög af tjörubakpappa undir allar reimar, grind og krossvið sem leggjast að steypu.

Ekki er heimilt að nota gagnvarið grænt pallaefni í þessum verklið. Nota skal styrktarflokkaða furu. Skrufur skulu vera A4 ryðfríar og naglar heithúðaðir.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) og m² eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þrif á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

Málun utanhúss

Almennt.

Verktaki má engar breytingar gera á verkinu nema með samþykki eftirlitsmanns verkkaupa.

Málun skal vinna samkvæmt meðfylgjandi verklýsingum og góðum og faglegum vinnubrögðum og í samræmi við staðla. Við alla málningarvinnu skal fara eftir leiðbeiningum framleiðenda málningarinnar um allan undirbúning og framkvæmd, þó þannig að stangist forskrift framleiðenda málningar í einhverju á við verklýsingar þessar, skal verktaki láta verkkaupa vita strax af því og ákveður eftirlitsmaður verkkaupa þá hvað skuli gilda. Um litaval skal verkkaupi ákveða það.

07.04.03.01 Sílanböðun steyptra flata.

Alla fleti utanhúss á austurálmum skal mála með einni umferð af vatnsfælu sem hér segir:

- Hreinsa burtu óhreinindi og lausa og flagnandi málningu, ef um er að ræða viðgerðir á gömlu.

- Bera 40% monosílan á flötinn þannig að fljótandi himna myndist á veggnum og skal þess vandlega gætt að hvergi verði blettir útundan. Æskilegt er að sprauta efninu á með mjög lágum þrýstingi, þvert yfir lóðréttan fleti, með 20-30 cm millibili. Lárétta eða lítt hallandi fleti skal sílanbaða ríkulega. Ekki má bera efnið á heitan flöt móti sólu eða í rigningu. Flöturinn skal vera þurr til að ná sem mestu ísogi. Efnið má ekki koma í snertingu við vatn eða vatnsgufu fyrir notkun.

- Fari monosílan á gler, tré eða aðra staði, þar sem ekki á að nota efnið, skal hreinsa það strax af með spritti eða öðrum þar til gerðum hreinsiefnum. Myndist þókar í málningu sem fyrir er, ef um er að ræða viðgerðir á gömlu, eða brúnir hennar verpst, skal skafa lausu málninguna burtu og sílanbaða þann flöt aftur.

- Efnisnotkun skal vera 0,2 - 0,4 l/m² miðað við sléttan flöt. Ef sprungur eru í yfirborði flatar skal bera minnst 0,4 l/m². Eftir að búið er að sílanbaða ákveðinn flöt skulu líða amk. 4-6 klst áður en vatn má komast í snertingu við flötinn.

- Ekki skal sílanbaða við lægra hitastig en 5 gr.c, eins skal flöturinn sem sílanbaða á, að vera minnst 3 gr.c yfir daggmörkum loftsins meðan á sílanböðun stendur og þornun. Einnig skal sílanbera á strompa áður en þeir eru málaðir.

Mælt er með því að sílanbera áður en skipt er um gler í gluggum.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²), eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þríf á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.04.06.01 Málun strompa, grunnur + 2 umferðir.

Verktaki skal grunna og mála strompa eftir að múrviðgerðum er lokið.

Miða skal við að sílanbera fyrst á berann þéttimúrinn áður en málað er.

Málning skal vera mött og vatnspynnanleg akrýlmálning með frábært alkalí-, vatnsog veðrunarþol og skal henta íslenskum aðstæðum sérlega vel. Málning skal innihalda hágæða 100 % hreint akrýlbíndiefni sem gefur málningunni afburða mikla mótstöðu

gegn gulnun og krítun. Einnig skal hún mynda sveigjanlega filmu sem minnkar líkur á sprungumyndun. Málningin skal anda og ekki hindra eðlilegt rakaústreymi frá fletinum. Einnig skal hún hreinsa sig sérlega vel og safna ekki í sig óhreinindum. Málningin skal vera létt í vinnslu og þekja vel. Krafa er um að bjóðendur velji hágæða utanhúsmálningu til verksins. Verktaki skal sílanbera, grunna og mála síðan 2 umferðir á strompa.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þrif á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.04.18.02 Málun timburþakkants, grunnur + 2 umf. (undir og framan.

Verktaki skal mála timburklæðningu þakkants. Um er að ræða bandsagaða furu. Annars vegar 15x90 mm efni og hins vegar 21x110 mm efni. Fúaverja skal efnið og mála síðan tvær umferðir með þekjandi viðarvörn áður en uppsetning á timbrinu fer fram. Farið er fram á að málaðar séu allar hliðar timbursins.

Mála skal timbur með þekjandi málningu í hvítum lit eins og gluggar eru.

Magntalan miðast við lengdarmetra í heild sinni í uppkomnum þakkanti.

Um er að ræða 7 spýtur á hvern lengdarmetra.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þrif á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.04.87.01-30 Endurmálun gluggakarma, opnanlegra faga og útihurða.

Endurmálun á gluggum, opnanlegum fögum og hurðum með terpentínupynnanlegri alkíð olíuviðarvörn. Ef þessi lýsing stangast á við fyrirmæli málningarframleiðanda skal fara eftir þeim, en í samráði við eftirlitsmann. Ef um er að ræða opnanlegt fag í glugga eða hurð, skal mála að framan, á hliðum svo og fals kringum fagið/hurðina. Á þessu er vakin sérstök athygli.

Verkið skal unnið á eftirfarandi hátt:

- Skafa og slípa burtu alla lausa og flagnandi málningu af fletinum, svo og önnur óhreinindi. Verktaki láti eftirlitsmann vita hvort bera skuli viðarskol á flötinn að hans mati, sjá lýsingu hér að neðan á því hvernig það skuli unnið.
- Þar sem slípað er niður í beran við, skal metta viðinn með terpentínupynnanlegri alkíðolíu grunnviðarvörn með 5-15% þurrefnisinnihaldi. Til að metta viðinn getur þurft að bera á fleiri en eina

umferð. Umframolíu sem ekki gengur inn í viðinn skal þurrka af með klút.

Áður en málun hefst skal rakinn í viðnum vera minni en 18%.

- Mála skal tvær umferðir með hvíttri þekjandi terpentínubyntri alkíðolíu viðarvörn.

Efnisnotkun um 0,12 l/m² per umferð. Þurrfilmubykkt einnar umferðar sé

30-35 mikron. Endanleg þurrfilma skal vera a.m.k. 60 mikron.

- Á álagsfleti svo sem botnfalslista lárétta pósta og neðsta karmstykki skal mála þriðju umferð, þannig að endanleg þurrfilmubykkt sé a.m.k. 90-100 mikron á þessum stöðum.

- Ef járn er í fletinum, (t.d. skrúfur, lamir, gluggajárn o.þ.h.) sem er farið að ryðga, skal ryðhreinsa það og grunna með ryðvarnargrunni áður en málað er.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), lengdarmetrum (m) eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þrif á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.05.03 Setja opnunarbúnað á opnanleg fög

Verktaki skal útvega og setja upp viðurkenndan opnunarbúnað á opnanleg fög sem hægt er að opna frá hæð sólbekkjar í kennslustofum. Ekki er átt við rafdrifin búnað heldur með sveif sem á að snúa til að fagið opnast.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), eins og mæla má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verðin innihalda verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, þrif á umhverfi eftir verkið o.þ.h. ef um er að ræða.

07.05.05.01 Þakgluggar velux 55x78 cm + áfellur.

Verktaki skal útvega og setja upp velux þakglugga í staðinn fyrir lúgur sem voru á þakinu. Ásamt uppsetningu glugga skal setja gler og allar þær áfellur sem framleiðandi mælir með að séu notaðar. Óskað er eftir fullnaðarfrágang við þakklæðningu. Gluggar skulu vera opnanlegir.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk) eins og telja má að verki loknu.

Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig rýrnun, afskurður og brottflutningur og förgun umframefnis.

07.05.30.02 Gler og glerjun, m/þéttingu, tvöfalt gler + nýjir glerlistar.

Verktaki skal útvega og skipta um allt gler í austurálmum skólans.

NÝTT GLER SETT Í:

Allt gler skal vera 1. flokks, og í samræmi við kröfur í gr. 8.5.2 í byggingarreglugerð, nema annað sé tekið fram og minnst 5 ára ábyrgð skal fylgja á tvöföldu gleri. Glerþykkt skal miða við 250 kg/m² vindþrýsting. Gler skal vera með 12 mm. loftrými milli glerja nema í hurðum og opnanlegum fögum þar skal vera 9 mm. loftrými og vera gæðavottað af viðurkenndum aðila. Geyma skal gler á öruggum, þurrum stað. Við ísetningu einangrunarglers skal fylgja leiðbeiningum þess glerframleiðanda er selur gler til framkvæmdarinnar og reglum um ísetningu einangrunarglers samkvæmt (Rb (31) 104.2).

Verktaki skal taka öll glermál sjálfur og bera ábyrgð á þeim.

Þess skal sérstaklega gætt að glerföls séu hrein og þurr áður en glerjun hefst og kanna ber viðloðunarhæfni þéttiefnanna við glerfölsin. Gæta skal þess að glerið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þess og það sé af viðurkenndri gerð, t.d. tvöfalt einangrunargler. **U-gildi glers skal vera 1,2 eða minna.**

ÍSETNING GLERS Í TRÉGLUGGA:

1. Hreinsa skal fölsin með viðurkenndu hreinsiefni.
2. Grunna með efnum sem glerframleiðandi mælir með og sem gefur hámarksviðloðun. **Einnig skal grunna gluggafals með hvítum olíugrunni.**
3. Setja gúmmíborða (t.d. Dafa Kron 4x10 mm) að fyrirmælum glerframleiðanda í glerfals, um 2 mm. frá falsbrún. Setja í burðarklossa úr plasti fyrir glerið þar sem framleiðandi glersins mælir með oftast 200 - 300 mm. frá hliðarkörmum. Klossarnir skulu vera undir báðum rúðunum og mega ekki loka loftrásunum.
4. Strjúka glerjaðra með klút vættum í spritti til hreinsunar á fitu og óhreinindum og gler sett í.
5. Glerlistar meðhöndlaðir á sama hátt og fals, ídreginn gúmmíþéttikantur (t.d. EPDM listi 15-422) skal settur í rauf í glerlista. Listarnir skulu skrúfaðir með koparskrúfum eða ryðfríum skrúfum 4x40 mm. undirsinkuðum og með hálfkúptum haus, um leið og þeim er þrýst fast að glerinu þannig að gúmmíborðarnir pressist 30-40 %. Bil á milli (4x40 mm messingskrúfa) sé mest 180 mm. og fyrsta skrúfan u.þ.b. 40 mm. frá enda lista. Bora skal í glerlista með 4 mm bor fyrir öllum skrúfum. Skrúfur skulu vera hornrétt á hallandi flöt listans. Samskeyti glerlista á hornum skulu geirskorin að ofan en botnlisti skal ganga heill út að lóðréttum körmum eða póstum

Glerlisti í hliðum og að ofan skal vera 19x30 mm furuglerlisti með sagaðri rauf fyrir ídreginn gúmmíþéttilista.

Glerlisti að neðan skal vera 20x40 mm furuglerlisti með sagaðri rauf fyrir ídreginn gúmmíþéttilista.

Glerlistar í opnanlegum fögum skal vera 17x17 mm oregon pine glerlisti með sagaðri rauf fyrir gúmmíþéttilista

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má eða telja að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. ísetningarefni, vinna, vélar og flutningar efnis. Einnig festingar, rýrnun, afskurður og brottflutningur og förgun umframefnis.

07.05.80.01 Hreinsa gamalt gler og glerlista úr gluggum.

Verk þetta felur í sér að hreinsa gler úr gluggum, opnanlegum fögum og útihurð. glerfalslista og hreinsa upp fals.

Verkið er unnið á eftirfarandi hátt:

- Glerlisti fjarlægður
- Gler fjarlægt
- Gamalt kít, málning og óhreinindi skafið vandlega úr falsi og þess gætt að hvergi séu ójöfnur að hreinsun lokinni.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má eða telja að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. ísetningarefni, vinna, vélar og flutningar efnis. Einnig festingar, rýrnun, afskurður og brottflutningur og förgun glers, glerlista, skrúfa og þéttilista.

07.05.84.45 Þétta milli gluggakarma og steypis útveggjar, að utan.

Verktaki skal endurnýja þéttingu milli glugga og steypis útveggjar. Í kringum glugga er þéttipylsa að utanverðu og festifrauð þar fyrir innan. Fjarlægja skal þéttipylsu og festifrauð. Ef þéttipylsa reynist léleg eða full af múr skal koma fyrir nýrri þéttipylsu í réttri stærð, kítta með hvítu límkítu utan á þéttipylsu. Miða skal við að þvermál þéttipylsu sé a.m.k. 40% meiri en fúgubil sem á að setja þéttipylsu í.

Þétting innan frá fellur undir lið

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má eða telja að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. ísetningarefni, vinna, vélar og flutningar efnis. Einnig festingar, rýrnun, afskurður og brottflutningur og förgun efnis.

07.05.89.01 Gera við gluggakarma og gluggapósta, sponsa í.

Komi í ljós að það þurfi að fjarlægja fúíð eða skemmt gluggaefni samhliða glerskiptum skal gefa verð í að fella nýtt gluggaefni í staðinn fyrir skemmt gluggaefni. Miða skal við að fræsa vel út fyrir fúa/skemmd og líma stykki í með úrethan rakaþolnu lími. Pússa skal síðan efnið slétt saman við glugga svo lítið beri á viðgerð. Hafa skal samráð við eftirlitsmann um hvar þurfi að sponsa í glugga.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má eða telja að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. ísetningarefni, vinna, vélar og flutningar efnis. Einnig festingar, rýrnun, afskurður og brottflutningur og förgun efnis

07.05.92.01 Þétting á samskeytum gamalla pósta og gluggakarma.

Liður þessi felur í sér að bora með 6 mm bor með 5° halla uppávið í samskeyti þar sem lóðréttir karmar/póstar mæta láréttum. Borað skal ca. 10 mm frá efri brún samskeytanna og þannig að borinn gangi 1 cm inn fyrir innri brún glers. Fylla skal í holuna með poyurethan-kítti og reka 6 mm sveran og 20 mm langan tappa í þannig að kíttið þrýstist vel út í allar rifur og glufur sem gætu verið í samskeytum þessum. Yfirborð skal að lokum slétta vel með kittispaða og þrifa burt umframefni.

MAGNTÖLUR:

Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk) eins og telja má eða telja að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. ísetningarefni, vinna, vélar og flutningar efnis. Einnig festingar, rýrnun, afskurður og brottflutningur og förgun efnis

9. Aukaverk.**99.99.01.01 Tímavinna.**

Gert er ráð fyrir að vinna þurfi einhver viðbótarverk fyrir verkkaupa samhliða útboðsverkinu.

Þjóðendur skulu því gefa verð í tímagjald fyrir iðnaðarmann, verkamann og tilfallandi raflagnavinna.

Innifalinn skal vera allur tilheyrandi kostnaður svo sem verkfæragjald, ferðir og bílakostnaður.

Tilfallandi raflagnavinna:

Í magnskrá er áætlaður fjöldi vinnustunda fyrir raflagnavinna. Efniskostnaður verður greiddur í samræmi við framlagða reikninga á því efni sem notað er til verksins.

Greiðsla:

Greitt verður tímagjald fyrir hverja unna klukkustund hjá iðnaðarmanni og verkamanni, innifalinn skal vera allur kostnaður svo sem verkfæragjald, akstur og fl.

99.99.02.01 Skilgreining eininga.

Meðfylgjandi er tilboðsskrá og þar skal verktaki færa inn einingarverð og heildarverð. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður verktaka vegna viðkomandi verkliðar svo sem yfirumsjón verktaka, opinber gjöld, virðisaukaskattur, ágóði og umfram magn efnis sem bjóðandi telur nauðsynlegt framyfir það sem tilgreint er í magntölum, t.d. vegna rýrnunar.

Verktaka skal athuga að ætlast er til að innifalið í einingaverði hvers verkliðar sé allur kostnaður við að fullgera verkið, þó svo að eitthvað vanti á í teikningum og útboðs- og verklýsingu og skal þá miðað við venjubundinn frágang.

Innifalið í einingarverði hvers verkliðar skal vera allt efni og öll vinna sem þarf til að fullgera viðkomandi verklið.

Magntölur í tilboðsskrá eru mældar upp af teikningum og á staðnum og verða endurskoðaðar eftir magnmælingum á verkstað.

Ef margföldunar- eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá, skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðum tilboðs.

Heildartilboðsfjárhæð skal færa inn á tilboðsblað.